

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 114/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/671 frá 4. febrúar 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar sértækar reglur um opinbert eftirlit sem lögbær yfirvöld inna af hendi með dýrum, afurðum úr dýraríkinu og kímefnum, eftirfylgniaðgerðir sem lögbært yfirvald á að grípa til ef ekki er farið að reglum um auðkenningu og skráningu nautgripa, sauðfjár og geita eða ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum meðan á umflutningi stendur á tilteknum nautgripum gegnum Sambandið og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/160 frá 4. febrúar 2022 um samræmda lágmarkstíðni tiltekkins opinbers eftirlits til að staðfesta að farið sé að dýraheilbrigðiskröfum Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1082/2003 og (EB) nr. 1505/2006 ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/160 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1082/2003 ⁽³⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1505/2006 ⁽⁴⁾ sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott samkvæmt samningnum.
- 4) Framseld reglugerð (ESB) 2022/671 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98 ⁽⁵⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi varðar m.a. löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og lagareldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði. Löggjöf á þessu

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 122, 25.4.2022, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 26, 7.2.2022, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 280, 12.10.2006, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 60, 28.2.1998, bls. 78.

sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á hluta 1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 11bzc (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/842):

„11bzd. **32022 R 0671**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/671 frá 4. febrúar 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar sértækar reglur um opinbert eftirlit sem lögbær yfirvöld inna af hendi með dýrum, afurðum úr dýraríkinu og kímefnum, eftirfylgniaðgerðir sem lögbært yfirvald á að grípa til ef ekki er farið að reglum um auðkenningu og skráningu nautgripa, sauðfjár og geita eða ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum meðan á umflutningi stendur á tilteknum nautgripum gegnum Sambandið og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98 (Stjtið. ESB L 122, 25.4.2022, bls. 17).

Ákvæði þessarar gerðar gilda gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.

- 11bze. **32022 R 0160**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/160 frá 4. febrúar 2022 um samræmda lágmarkstíðni tiltekkins opinbers eftirlits til að staðfesta að farið sé að dýraheilbrigðiskröfum Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1082/2003 og (EB) nr. 1505/2006 (Stjtið. ESB L 26, 7.2.2022, bls. 11).

Ákvæði þessarar gerðar taka til Íslands að því er varðar svið sem um getur í 2. mgr. inngangsorðanna.“

2. Texti 76. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98), 131. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1505/2006) og 140. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1082/2003) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/671 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/160, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.